

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum
Starfsleyfisskilyrði fyrir starfsmannabúðir

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsmannabúðir eru færanlegt húsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.
- 1.2 Um veitingu starfsleyfis til reksturs starfsmannabúða skal heilbrigðisnefnd hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.
- 1.3 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Um starfsmannabúðir gilda sömu ákvæði og um íbúðarhúsnæði að svo miklu leyti sem við á.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Í hverju rúmi í svefnrými skal vera dýna, a.m.k. 2m á lengd og 80cm breið. Gólfplötur í svefnrými skal vera minnst 4m² á mann. Lofthæð í starfsmannabúðum skal vera minnst 2,2 m.
Það skal að minnsta kosti vera eitt salerni og ein baðaðstaða fyrir hverja 10 íbúa. Stærð salernisklefa skal a.m.k. vera 1.2m².
- 2.4 Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.5 Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám, vötnum eða sjávarströnd að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum að hætta sé á grjóthruni eða ofanflóði, eða þar sem þær geta mengað ár, vötn eða sjávarstrendur.

3 Matvæli

- 3.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlunarreglugerðar eftir því sem við á.

4 Hreinlæti og þrif

- 4.1 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 4.2 Heilbrigðisfulltrúi getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun í sameiginlegu rými.
- 4.3 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.

5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.
- 5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 184/2002 um flokkun spilliefna, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 55.23 Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting